

Jarðfræðafélag Íslands

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 1995-1996

TILLÖGUR FORMANNS

Formaður lagði til að Hreggviður Norðdahl yrði fundarstjóri og Guðrún Larsen fundarritari.

STJÓRNARSTARF OG FRÉTTABRÉF

Haldnir voru 7 stjórnarfundir og gefin út 7 Fréttabréf. Flestir fræðslufundir voru kynntir í Fréttabréfinu, en að auki voru sendar út auglýsingar á helstu stofnanir nokkrum dögum fyrir hvern fund. Fyrir hönd JFÍ sótti Magnús Tumi Guðmundsson fund formanna jarðfræðafélaga víða um heim á vegum AGU síðastliðið sumar. Þetta er þáttur í því að efla tengsl JFÍ við önnur félög jarðvísindamanna.

FRÆÐSLUFUNDIR

Haldnir voru 6 fræðslufundir (með jólafundinum) á vegum félagsins. Milli 250 og 300 manns hafa mætt á fræðslufundi JFÍ, en þeir voru þessir:

1. Eysteinn Janssen og Hans Christian Larsen töluðu um ODP leiðangra (162 og 163) 4. september.
2. Ármann Höskuldsson talaði um hraungos undir jökli 18. október.
3. Áslaug Geirsdóttir talaði um PALE verkefnið á Íslandi 15. nóvember.
4. (Jólafundur) Bryndís Brandsdóttir, Ólafur Flóvenz, Guðmundur Pálmason, Einar Kjartansson, Ingi Bjarnason og Axel Björnsson töluðu um skorpuþykkt á Íslandi 13. desember.
5. Þóra Árnadóttir talaði um jarðskorpuhreyfingar á Nýja Sjálandi 3. janúar.
6. Þorsteinn Sæmundsson talaði um jökulhörfun og sjávarstöðubreytingar í Vopnafirði 13. mars.

RÁÐSTEFNA UM GRJÓTJÖKLA OG BERGHLAUP OG VORRÁÐSTEFNAN

Fyrri ráðstefnan var haldin 24. febrúar í Odda. Þar fluttu erindi Hreggviður Norðdahl, Tómas Jóhannesson, Ágúst Guðmundsson (eldri), Halldór G. Pétursson, Árni Hjartarson og Haukur Jóhannesson. Um 50 manns mættu á ráðstefnuna, sem telst gott þar sem hún var haldin á laugardegi.

Vorráðstefnan var haldin í Odda 3. apríl. Hún var ekki bundin við ákveðið þema heldur opin fyrir erindi og veggspjöld um hvaðeina af vettvangi jarðfræða. Fluttu voru 13 erindi og sýnd 17 veggspjöld. Um 100 manns mættu á ráðstefnuna. Ágrip erinda og veggspjaldala voru gefin út í ráðstefnuriti. Eftir að ráðstefnunni lauk var haldið hóf í Tæknigarði í tilefni af 30 ára afmæli félagsins. Þar flutti Sveinbjörn Björnsson ræðu og rakti frumbýlingsár jarðfræðinnar hér á landi, auk þess sem félaginu barst vegleg blómakarfa að gjöf frá Elsu Vilmundardóttur og Hrefnu Kristmannsdóttur í tilefni afmælisins.

Alls mættu 400-500 manns á ráðstefnur og fundi á vegum félagsins á þessu starfsári. Til stóð að R.S.J. Sparks kæmi hingað til lands og flytti tvo fyrirlestra á vegum Sigurðarsjóðs í lok apríl eða maí. Hann féllst á boðið en vegna eldgossins í Montserrat og fleiri verkefna varð hann að fresta komu sinni fram í október í haust. Vona ég að nýja stjórnin endurnýji boðið til Sparks.

JARÐFRÆÐAFÉLAGIÐ OG ORKUSTOFNUN

Mál Orkustofnunar hafa mjög verið í brennidepli nú síðustu mánuðina. Þessi mál hafa oft verið rædd á fundum stjórnar JFÍ. Formaður JFÍ og Hreinn Haraldsson áttu fund með iðnaðarráðherra 28. desember sl. þar sem málefni Orkustofnunar voru rædd ítarlega. Sú nefnd iðnaðarráðherra (undir forystu Sveins Þorgrímssonar) sem fjallar um framtíð Orkustofnunar sendi frá sér bráðabirgðatillögur 13. desember sl. JFÍ skipaði óformlega nefnd til að gera athugasemdir við fram-